FYRSTU SKREF
Í FJÁRMÁLUM

2. ÚTGÁFA

GUNNAR BALDVINSSON

FYRSTU SKREF
Í FJÁRMÁLUM

GRUNNATRIÐI Í FJÁRMÁLUM EINSTAKLINGA



I. UPPRUNI OG RÁÐSTÖFUN VERÐMÆTA



EFNISATRIÐI Í KAFLA

- Laun og ráðstöfunartekjur
- Að ráða sig í vinnu
- Ráðstöfun launa
- Skattar og skattframtal
- Lífeyrissjóður
- Peningar og rafrænar greiðslur

Í hverjum mánuði fá einstaklingar á vinnumarkaði tekjur sem þeir nota til að greiða nauðsynleg útgjöld til að lifa.

Uppruni (TEKJUR)	Ráðstöfun (ÚTGJÖLD)	Mismunur
Hvaðan koma peningar og verðmæti?	*Í hvað eyðum við? Í hvað fara launin?*	*Hvað ef tekjur eru meiri eða minni en gjöld?*
● Vasapeningar, gjafafé ● Laun ● Lífeyrir ● Eftirlaun ● Arfur	● Matur og nauðsynjar ● Húsnæði ● Skattar ● Samgöngur ● Afþreying og áhugamál	● **Jákvæður mismunur:** Sparnaður, eignir aukast ● **Neikvæður mismunur:** Eignir minnka, lán

Ef laun á tímabili eru meiri en útgjöld er mismunurinn sparnaður sem bætist við eignir. Ef útgjöld eru hins vegar hærri en laun þarf einstaklingur annað hvort að ganga á eignir eða að fá lán fyrir mismuninum.

Laun og ráðstöfunartekjur

Læra	» Heildarlaun, útborguð laun » Ráðstöfunartekjur » Frádráttarliðir sem dragast frá launum » Hvernig ákvarðast laun? » Föst laun, yfirvinna
Gott ráð	Yfirfara launaseðil fyrir vinnu. Ef þú skilur hann ekki skaltu biðja atvinnurekanda um að yfirfara hann og útskýra, eða leita til stéttarfélags.

Laun og ráðstöfunartekjur 1

- **Heildarlaun** (brúttólaun) á launatímabili eru laun fyrir frádráttarliði
- Laun að frádregnum sköttum og öðrum gjöldum eru kölluð **ráðstöfunartekjur**
- Helstu frádráttarliðir
  - **Iðgjald í lífeyrissjóð** / Viðbótarlífeyrissparnaður
  - **Tekjuskattur**
  - **Félagsgjald** í stéttarfélag
- Laun eru samningsatriði á milli launþega og atvinnurekenda og eru oftast ákveðin í kjarasamningum

Laun og ráðstöfunartekjur 2

- Í mörgum tilvikum er samið um **föst laun** fyrir ákveðinn fjölda vinnustunda, t.d. á viku eða í mánuði
- Ef launamaður þarf að vinna meira en umsamdar vinnustundir fær hann sérstaklega greitt fyrir þær og er það kallað **yfirvinna**
- Allir starfsmenn eiga rétt á sumarfríi eða orlofi og greiðslu launa í orlofinu.
  - Orlofslaun eru að lágmarki 10,17% af heildarlaunum
  - Í flestum tilvikum eru orlofslaun greidd þegar fólk tekur frí
- Við útborgun launa á launamaður rétt á því að fá launaseðil (útprentaðan eða á rafrænu formi t.d. í netbanka)

Launaseðill

Ari Arason — Dags.: 1. ágúst 2020

Kt. 111111-1230 — Launatímabil: júlí 2020

Laun	Tímar	Taxti	Fjárhæð
Föst mánaðarlaun			250.000
Yfirvinna	4	2.500	10.000
		Samtals laun	260.000

Frádráttur	Hlutfall	Fjárhæð
Lífeyrissjóður	4%	10.400
Staðgreiðsla skatta		32.832
Stéttarfélag	1%	2.600
	Samtals frádráttur	45.832
	Samtals útborguð laun	214.168
	Lagt inn á reikning	1000-26-111

Á launaseðli koma fram upplýsingar um launatímabil, heildarlaun, frádráttarliði, útborguð laun og ráðstöfun launa.

Aðrar upplýsingar: Uppsöfnuð laun og frádráttarliðir á árinu, lífeyrissjóður sem greitt er í, mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð og til lífeyrissparnaðar, orlofsframlag og áunnið orlof og fleira.

Að ráða sig í vinnu

Læra	» Helstu reglur um vinnu barna og unglinga » Vinnutími barna og unglinga » Lögræði, fjárræði og sjálfræði » Hvað er ráðningarsamningur? » Helstu atriði ráðningarsamnings
Gott ráð	Öll störf eru mikilvæg. Það er gott að venja sig á að reyna alltaf að gera eins vel og maður getur, bæði í námi og starfi. Meira er ekki hægt að fara fram á og það skilar sér alltaf.

Að ráða sig í vinnu 1

- Almenna reglan er sú að ekki má ráða börn í vinnu 14 ára og yngri sem eru í skyldunámi eða í grunnskóla. Á þeirri reglu eru þó undantekningar,
  - m.a. að börn sem náð hafa 14 ára aldri má ráða til léttari starfa
  - og börn sem náð hafa 13 ára aldri má ráða til léttari starfa í takmarkaðan stundafjölda, svo sem léttari garðyrkju- og þjónustustörf eða önnur hliðstæð störf
- Það má ráða unglinga á aldrinum 15 til 18 ára sem eru ekki lengur í skyldunámi í vinnu, nema um sé að ræða störf þar sem fyrir hendi er slysahætta sem ætla má að börn eða unglingar eigi erfitt að átta sig á

Helstu reglur um vinnutíma barna og unglinga

Vinnutími barna og unglinga	Börn 13-14 ára	Unglingar 15 ára í skyldunámi	Unglingar 15-17 ára
Á skólatíma	2 tímar á dag; 12 tímar á viku	2 tímar á dag; 12 tímar á viku	8 tímar á dag; 40 tímar á viku
Utan skólatíma	7 tímar á dag; 35 tímar á viku	8 tímar á dag; 40 tímar á viku	8 tímar á dag; 40 tímar á viku
Vinna bönnuð	kl. 20-6	kl. 20-6	kl. 22-6
Hvíld	14 tímar á sólarhring; 2 d. í viku	14 tímar á sólarhring; 2 d. í viku	14 tímar á sólarhring; 2 d. í viku

Takmarkanir sem gilda um vinnutíma barna og unglinga

Að ráða sig í vinnu 2

- Einstaklingar verða **lögráða** 18 ára en þá verða þeir bæði **fjárráða** og **sjálfráða**
- **Fjárræði** þýðir að einstaklingar hafa forræði og bera fulla ábyrgð á fjármálum sínum
- **Sjálfræði** felur í sér að einstaklingar ráða einir yfir öllu öðru en fé sínu og ráða því persónulegum högum sínum eins og heimili, námi, vinnu og o.s.frv.

Helstu atriði ráðningarsamnings

Aðilar og starf	• Aðilar samnings, nöfn, heimilisföng og kennitölur. • Starf sem samið eru um. Stutt lýsing, starfsheiti, næsti yfirmaður.
Starfstími, vinnutími	• Starfstími, upphaf, ráðningartímabil ef ráðning er tímabundin. • Vinnutími, vinnustaður.
Laun	• Laun, föst laun, yfirvinna og hlunnindi. • Launatímabil, greiðslufyrirkomulag og greiðsludagur launa.
Annað	• Orlofsréttur. • Reglur um tilkynningar á veikindum. • Lífeyrissjóður og stéttarfélag. • Uppsagnarfrestur. • Tilvísun í lög og kjarasamninga.
Staðfesting	• Undirskrift launamanns og atvinnurekanda. • Samþykki foreldra/forráðamanna þarf til að ráðningarsamningur barns undir 18 ára aldri sé skuldbindandi fyrir barnið.

Milli starfsmanns og atvinnurekanda á alltaf að vera í gildi **ráðningarsamningur** um samskipti þeirra, réttindi og skyldur

Ráðstöfun launa

Læra	» Hvað verður um launin? » Helstu útgjaldaliðir unglings » Helstu útgjaldaliðir hjá þeim sem eru fluttir að heiman » Hvernig myndast sparnaður? » Hvernig er best að fylgjast með tekjum og gjöldum?
Gott ráð	Stefndu að því að ráðstöfunartekjur séu alltaf meiri en útgjöld. Besta leiðin til þess er að gera áætlun um útgjöld og reyna að fylgja henni.

Hvað verður um launin?

- Einstaklingar nota laun til að greiða fyrir nauðsynlegar vörur og þjónustu
  - Unglingar og ungt fólk sem býr í heimahúsum notar launin til að leggja fyrir til framtíðar og greiða fyrir skólavörur, afþreyingu og áhugamál
  - Einstaklingar sem reka heimili nota ráðstöfunartekjur til að greiða fyrir mat og aðrar nauðsynjar, húsnæði, samgöngur og fleira
- Mismunur á launum og útgjöldum fyrir nauðsynjum og afþreyingu er lagður fyrir sem sparnaður en þannig byggjast upp eignir

Eitt er alveg víst, til að byggja upp eignir verða tekjur að vera meiri en gjöld og einstaklingar að leggja mismuninn fyrir sem sparnað

Helstu útgjaldaliðir

Býr í heimahúsum

Tómstundir, áhugamál, bíó, íþróttaviðburðir, bækur, skólavörur og fleira.

Býr einn, í sambúð eða með fjölskyldu

Neysla	Matur og hreinlætisvörur. Föt.
Þjónusta	Heilsugæsla. Sími og internet.
Samgöngur	Rekstur og viðhald bifreiðar, almenningssamgöngur (strætó).
Húsnæði	Rafmagn, hiti, viðhald, fasteignagjöld og leiga eða afborganir af húsnæðislánum.

Greiðsluáætlun

- Til að hafa góða yfirsýn yfir fjármálin er gagnlegt fyrir hvern og einn að gera greiðsluáætlun
- Greiðsluáætlun er áætlun um tekjur og gjöld á tímabili
- Það er ekki nóg að gera áætlun, það þarf einnig að fylgjast með raunverulegum tekjum og gjöldum. Með því eykst yfirsýnin, framtíðaráætlanir verða nákvæmari og einstaklingur stýrir betur eigin fjármálum

Gerðu greiðsluáætlun

Áætla tekjur

- Hvað eiga þær að duga lengi?
- Ágætt að skipta niður á stutt tímabil, til dæmis vikur eða daga

Áætla gjöld

- Mega ekki vera meiri en tekjur á sama tímabili
- Gjöld ráðast af búsetu eða aðstæðum

Mismunur

- Æskilegt að geta lagt eitthvað fyrir

Mikilvægt er að gefa sér tíma og gera áætlun um tekjur og gjöld. Þannig fæst yfirsýn um hvað má og hverju hægt er að eyða

Skattar og skattframtal

Læra	» Hvað eru skattar? » Hverjir eru helstu skattarnir? » Fyrirkomulag á greiðslu tekjuskatts » Skattframtal » Persónuafsláttur. Af hverju greiða krakkar yfirleitt ekki skatta fyrir sumarvinnu?
Gott ráð	Hver og einn ætti að gera sitt eigið skattframtal. Til að gera skattframtal þarf að hafa aðgang að upplýsingum um tekjur, eignir og skuldir, rafrænt eða á pappír.

Skattar og skattframtal

- Skattar eru þau gjöld sem einstaklingar greiða til ríkis og sveitarfélaga til að fjármagna opinbera þjónustu eins og vegi, heilbrigðisþjónustu, skóla, löggæslu og fleira
- Útgjöld fyrir opinbera þjónustu eru oft kölluð einu nafni **samneysla** til aðgreiningar frá **einkaneyslu** sem eru útgjöld einstaklinga fyrir neyslu
- Algengustu skattar sem einstaklingar greiða:
  - Tekjuskattur er skattur á atvinnutekjur einstaklinga og fyrirtækja
  - Fjármagnstekjuskattur er skattur sem lagður er á eignatekjur einstaklinga eins og vexti af bankareikningum, arðgreiðslur af hlutabréfum eða söluhagnað
  - Virðisaukaskattur er greiddur af verði vöru og þjónustu

Tekjuskattur

- Börn 15 ára og yngri greiða 6% tekjuskatt ef laun þeirra fara yfir ákveðið frítekjumark og eru tekjur þeirra taldar fram á skattskýrslu foreldra
- Einstaklingar byrja að greiða tekjuskatt eins og fullorðnir þegar þeir eru orðnir 16 ára
- Fjárhæð tekjuskatts reiknast sem hlutfall af launum og er skatthlutfall breytilegt eftir launum
  - Á árinu **2021** eru skatthlutföll á bilinu **31,45% til 46,25%**.

Staðgreiðsla

- Tekjuskattur er staðgreiddur en í því felst að atvinnurekandi dregur skattinn frá launum áður en þau eru greidd
- Tekjuskattur reiknast af launum og er dreginn frá sem bráðabirgðagreiðsla
- Tekjuskattur er gerður upp þegar upplýsingar um endanlegar tekjur og frá-drætti liggja fyrir
- Einstaklingar skila árlega skattframtali til ríkisskattstjóra með upplýsingum um tekjur, eignir og skuldir
- Ríkisskattstjóri fer svo yfir skattframtalið og reiknar endanlegan tekjuskatt.
  - Ef einstaklingur hefur ofgreitt skatta eru þeir endurgreiddir í júlí árið eftir
  - en ef einstaklingar skulda skatta eru þeir innheimtir á tímabilinu júlí til desember

Greiðsla og uppgjör tekjuskatts

STAÐGREIÐSLA

- Tekjuskattur reiknast af launum og er staðgreiddur.

SKATTFRAMTAL

- Upplýsingum um endanlegar tekjur er skilað til skattstjóra.

ENDANLEGT UPPGJÖR

- Ríkisskattstjóri reiknar endanlega fjárhæð tekjuskatts, endurgreiðir ofgreidda skatta eða rukkar það sem upp á kann að vanta.

Tekjuskattur er staðgreiddur en endanlegt uppgjör fer fram þegar upplýsingar um allar tekjur og frádráttarliði liggja fyrir

Á heimasíðu skattsins eru nýjustu upplýsingar um skatthlutföll og fjárhæðir

Skatturinn

Einstaklingar | Atvinnurekstur | Innheimta | Fyrirtækjaskrá | Fagaðilar | Um Skattinn | EN

Forsíða > Einstaklingar > Skattamál > Helstu tölur > 2021

- Skattar og gjöld
- Eignir og skuldir
- Tekjur og frádráttur
- Fjármagnstekjur
- Vaxtabætur og barnabætur
- Reiknivélar
- Skattskylda og aðrar reglur
- Staðgreiðsla
- Kærur og málsmeðferð
- Framtal og álagning
- Eyðublöð

Hlusta

Helstu tölur 2021

2021 | 2020 | 2019

Skatthlutfall einstaklinga í staðgreiðslu 2021

Af tekjum 0 – 349.018 kr.		31,45%
Af tekjum 349.019 - 979.847 kr.		37,95%
Af tekjum yfir 979.847 kr.		46,25%
Skatthlutfall barna (fædd 2006 eða síðar) af tekjum umfram 180.000 kr. á ári.		6%
Persónuafsláttur á mánuði	kr.	50.792
Persónuafsláttur á ári	kr.	609.509

Lífeyrissjóður

Læra	» Hvað er lífeyrissjóður? » Hverjir greiða í lífeyrissjóð? » Hvað greiða launþegar og atvinnurekendur mikið? » Hvaða réttindi ávinnast með greiðslum í lífeyrissjóð? » Hvernig ávinnast réttindi?
Gott ráð	Mikilvægt er að fylgjast með að greiðslur berist í lífeyrissjóð og að þekkja réttindi sín. Ellilífeyrir lífeyrissjóða er oftast stærsti hluti eftirlauna.

Lífeyrissjóður 1

- Á Íslandi verða allir vinnandi einstaklingar að greiða í lífeyrissjóð á aldrinum 16 til 70 ára
- Tilgangurinn er að hver og einn leggi fyrir og safni upp sjóði til að greiða eftirlaun til æviloka þegar starfsævinni lýkur
- Launþegar eru skyldugir til að vera í þeim lífeyrissjóði sem kemur fram í kjarasamningi viðkomandi starfsstéttar.
- Ef ráðningarsamningur er ekki byggður á kjarasamningigeta einstaklingar valið hvaða lífeyrissjóð þeir greiða í
- Lágmarksiðgjald samkvæmt lögum er 12% af launum en frá og með árinu 2018 munu flestir launþegar fá 15,5% af launum í lífeyrissjóð (launþegi greiðir greiðir 4%, launagreiðandi 11,5%)

Lífeyrissjóður 2

- Með greiðslum í lífeyrissjóð ávinna sjóðfélagar sér eftirfarandi réttindi
  - **Ellilífeyri** frá 67/70 ára til æviloka.
  - **Örorkulífeyri** við starfsorkumissi vegna slysa eða sjúkdóma.
  - **Makalífeyri** til eftirlifandi maka við andlát.
  - **Barnalífeyri** vegna örorku eða andláts sjóðfélaga.
- Lífeyrisréttindi ávinnast í hlutfalli við greidd iðgjöld, þ.e. því meira sem lagt er fyrir því hærri verða eftirlaunin

Hlutverk lífeyrissjóða

Lífeyrissjóðir varðveita iðgjöld sjóðfélaga, ávaxta þau og greiða lífeyri

- Allir sem vinna verða að greiða í lífeyrissjóð.
- Iðgjald launþega er dregið frá launum.
- Vinnuveitandi greiðir mótframlag.

- Lífeyrissjóður ávaxtar iðgjöld.
- Sjóðfélagar fá sent yfirlit um réttindi.

- Eftirlaun til æviloka frá 67/70 ára aldri.
- Áfallalífeyrir ef sjóðfélagi verður óvinnufær eða fellur frá.

Peningar og greiðslukort

Læra	» Gjaldmiðill Íslands » Peningar » Hver hefur einkarétt á að gefa út seðla og mynt? » Debetkort » Kreditkort
Gott ráð	Gott er að vera með veltureikning í banka og fá sér debetkort þegar aldur og aðstæður leyfa. Mikilvægt er þó að þekkja kostnað sem fylgir notkun kortsins.

Lögeyrir

- Gjaldmiðill Íslands nefnist króna
- Peningaseðlar og slegnir peningar (mynt) eru notaðir til að skiptast á krónum
- Seðlabanki Íslands hefur einkarétt til að láta gera og gefa út peningaseðla og láta slá og gefa út peninga úr málmi
- Peningaseðlar skulu samkvæmt lögum vera **lögeyrir** sem þýðir að hægt er að greiða fyrir allar vörur og þjónustu með peningum

Peningar eða greiðslukort

- Peningar eru greiðslumiðill og eru notaðir þegar einstaklingar, fyrirtæki eða stofnanir skiptast á verðmætum
- Peningaseðlar og peningar úr málmi eru þó minnst notaðir í dag heldur færast peningar mest rafrænt á milli aðila með millifærslum á milli bankareikninga sem oft eru greiddar í heimabanka eða með **greiðslukortum** sem annað hvort eru **debetkort** eða **kreditkort**
  - Ef einstaklingur notar debetkort er fjárhæð millifærð beint af bankareikningi hans
  - Ef einstaklingur greiðir hins vegar með kreditkorti stofnast skuld hjá honum við kortafyrir-tæki, sem greiðir umsamda fjárhæð til seljanda vöru eða þjónustu, en innheimtir síðan greiðsluna frá einstaklingnum í næsta mánuði eða næsta greiðslutímabili

Samanburður á greiðslumiðlum

Samanburður	Peningar	Kort	Farsími
Vextir	Engir vextir	Lágmarksvextir	Lágmarksvextir
Greiðslumiðill	Peningar eru alltaf gjaldgengir í viðskiptum	Eingöngu hægt að nota ef söluaðili er með greiðslukortavél (posa)	Eingöngu hægt að nota ef söluaðili er með greiðslukortavél (posa)
Fyrirferð	Taka pláss í veski	Fer lítið fyrir	Farsími kemur í staðinn fyrir veski
Veski týnist	Finnandi getur notað peninga	Ekki hægt að nota kort án PIN-númers. Eigandi getur látið loka korti strax	Bara eigandi getur notað síma eða einhver sem þekkir lykilnúmer
Hraðbankar	Nei	Hægt að sækja peninga í hraðbanka	Hægt að sækja peninga í kortalausum hraðbanka
Notkun á netinu	Nei	Hægt að greiða reikninga með korti	Hægt að greiða reikninga með korti á síma
Notkun í útlöndum	Krónu þarf að skipta í gjaldmiðil viðkomandi lands	Hægt að greiða með korti og sækja peninga í hraðbanka	Hægt að greiða með síma og sækja peninga í kortalausan hraðbanka

Samanburður á því að nota peninga-seðla, debetkort eða farsíma

2. EIGNIR OG LÁN (SKULDIR)

EFNISATRIÐI Í KAFLA

- Vextir
- Hvernig reiknast vextir?
- Reglulegur sparnaður / Að safna fyrir
- Sparnaðarform
- Tegundir lána
- Hvað kostar að taka lán?

Flestir einstaklingar safna eignum á ævinni. Algengast er að fólk safni fyrir eignum með því að leggja fyrir jákvæðan mun á tekjum og útgjöldum.

Tekjur – útgjöld > 0 => Eignir aukast
Tekjur – útgjöld < 0 => Eignir minnka, stundum taka einstaklingar lán til að brúa bilið

Yfirleitt þarf að safna í nokkurn tíma til að eiga fyrir eignum, allt frá nokkrum mánuðum til fjölda ára. Flestir taka lán á ævinni. Að taka lán er hluti af fjármálum einstaklinga og hófleg lántaka eykur lífsgæði. En óhófleg lántaka getur snúist upp í ógæfu ef lántaki lendir í greiðsluerfiðleikum.

Vextir

Læra	» Vextir » Innlánsvextir, útlánsvextir, vaxtamunur » Binditími, áhrif á vexti » Hvernig ákvarðast vextir á markaði? » Stýrivextir Seðlabanka Íslands
Gott ráð	Gott er að hafa skoðun á því hve lengi á að geyma sparnað. Þannig er hægt að velja reikninga með viðeigandi binditíma og vöxtum.

Vextir

- Vextir eru leiga fyrir peninga
- Sá sem leggur peninga inn á reikning í banka fær greidda vexti (**innlánsvexti**) fyrir að geyma þá í bankanum
- Bankinn lánar síðan peningana til einstaklinga, fyrirtækja eða stofnana og fær greidda vexti (**útlánsvexti**) fyrir lánsféð. Útlánsvextir eru yfirleitt hærri en innlánsvextir en þannig myndast tekjur hjá bankanum
- Mismunur á innláns- og útlánsvöxtum er kallaður **vaxtamunur**

Mismunandi binditími, ólíkir vextir

Einstaklingar geta lagt peninga í banka og valið á milli mismunandi bankareikninga eftir því hvað þeir vilja eða geta geymt peningana lengi. Að jafnaði er hægt að fá hærri vexti eftir því sem einstaklingur er tilbúinn að festa eða geyma peningana lengur. Að binditíma loknum gilda mismunandi reglur um úttekt og mögulega framlengingu binditíma. Upplýsingar um binditíma innlánsreikninga er að finna í skilmálum einstakra reikninga. Einstaklingar geta flett upp á þeim á heimasíðum bankanna.

Vextir á bankareikningum eru yfirleitt hærri eftir því sem binditími er lengri

Dæmi um bankareikninga og vaxtakjör

Reikningur	Binditími	Greiðsla vaxta	Vextir	Kort
Tékkareikningur	Enginn	Árlega	0,05% til 0,10%	Já
Óbundinn sparireikningur	Enginn	Árlega	1% til 2,05%	Nei
Stighækkandi vextir eftir innstæðu	7-10 dagar	Mánaðarlega	Allt að 3,15%	Nei
Framtíðarreikningur	Til 18 ára	Árlega	3,15%	Nei
Húsnæðisreikningur	17-36 mánuðir	Árlega	3,15%	Nei

Heimild: Vefsíður viðskiptabanka í desember 2019

Vextir og höfuðstóll

Vextir hafa meiri áhrif á sparnað eftir því sem vextirnir eru hærri eða eftir því sem sparnaðartíminn er lengri



Myndin sýnir þróun höfuðstóls m.v. 1%, 3% og 5% vexti og sparnaðartíma í allt að 20 ár

Hvað ræður vaxtastigi?

- Vextir ráðast af aðstæðum í efnahagslífi hverju sinni.
  - Þegar framleiðsla og fjárfestingar í landinu eru að aukast leiðir það yfirleitt til þess að eftirspurn eftir lánsfé eykst sem getur leitt til þess að vextir hækki
  - Ef það er hins vegar samdráttur í þjóðfélaginu aukast líkurnar á að vextir lækki
- Seðlabankinn stýrir vöxtum að hluta með því að ákveða svokallaða **stýrivexti** til að hafa áhrif á vexti á markaði
  - Stýrivextir eru þeir vextir sem viðskiptabankar geta fengið hjá Seðlabankanum
  - Viðskiptabankar taka tillit til stýrivaxta Seðlabankans við ákvörðun um vexti á inn- og útlánum
  - Seðlabankinn ákveður stýrivexti með hliðsjón af efnahagsástandi í landinu. Markmið bankans með stýrivaxtaákvörðunum er að hafa áhrif á verðbólgu

Hvernig reiknast vextir?

Læra	» Hvernig á að reikna vexti? » Vaxtadagar » Fastir og breytilegir vextir » Vaxtavextir » Dráttarvextir
Gott ráð	Það er góður siður að reikna sjálf/ur vexti á sparnað eða á lánum og athuga hvort þú ert að fá eða greiða rétta vexti. Fáðu aðstoð ef þú veist ekki hvernig á að reikna.

Hvernig reiknast vextir?

- Vextir reiknast sem hlutfall af höfuðstól á ári. Í vaxtaútreikningi er almennt miðað við 360 daga á ári en ekki 365

- Formúla: Vextir = höfuðstóll * vextir (%) * dagar / 360

- Á Íslandi er yfirleitt notast við þá venju að telja 30 vaxtadaga í mánuði og 360 daga í ári
  - Í febrúar er 28. febrúar reiknaður sem þrír vaxtadagar nema þegar er hlaupár en þá reiknast 29. febrúar sem tveir vaxtadagar.
  - Í mánuðum með 31 dag teljast 30. og 31. sami vaxtadagur

Breytilegir og faxtir vextir

- Ef vextir eru breytilegir er reiknað vegið meðaltal vaxta á vaxtatímabilinu og fær hver vaxtaprósenta vigt eftir því hvað hún gildir lengi
  - Breytilegir vextir = $(v_1 * t_1/t + v_2 * t_2/t + ... + v_n * t_n/t)$
    þar sem v_1 eru vextir á tímabili 1, t_1 er fjöldi daga á tímabili 1, t er fjöldi daga alls, v_2 er vextir á tímabili 2, t_2 fjöldi daga á tímabili 2 o.s.frv.
  - Ef vextir eru 3% í 10 vaxtadaga, 4% í 40 vaxtadaga og 5% í 40 vaxtadaga þá eru breytilegir vextir á tímabilinu 4,3% (3%*10/90 + 4%*40/90+5%*40/90)
- Ef vextir eru fastir þá breytist vaxtaprósenta ekki á sparnaðar- eða lánstíma

Tvær reikniaðferðir

- Það eru kallaðir **flatir vextir** (stundum einfaldir vextir) þegar vextir reiknast eingöngu af höfuðstól. Ef vextir eru flatir aukast þeir í beinu hlutfalli við sparnaðartíma að því gefnu að höfuðstóll og vaxtaprósenta breytast ekki á tímabilinu

- **Vaxtavextir** eru vextir sem reiknast á vexti. Í þeim tilvikum er vöxtum bætt við höfuðstól á fyrirfram ákveðnum tíma, oftast árlega. Næst þegar vextir reiknast á höfuðstól verða þeir meiri en á fyrra tímabili af því þá reiknast vextir á vexti. Þaðan kemur hugtakið vaxtavextir

Samanburður á vaxtavöxtum og flötum vöxtum



Höfuðstóll vex hraðar ef vextir reiknast á vexti heldur en ef vextir reiknast bara á höfuðstól

Dráttarvextir

- Dráttarvextir eru vextir sem eru reiknaðir ef lántaki greiðir ekki af láni á réttum tíma.
  - Sé krafa greidd eftir gjalddaga er lánveitanda heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti sem reiknast frá gjalddaga að greiðsludegi
  - Dráttarvextir eru yfirleitt nokkuð háir til að hvetja skuldara að greiða skuld á tilsettum tíma og til að bæta kröfuhafa upp frestun á greiðslu
- Samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu ákveður Seðlabankinn dráttarvexti og auglýsir mánaðarlega

Máttur vaxtavaxta

Læra	» Hvernig virka vaxtavextir? » Hvernig vaxa vaxtavextir með tíma? » Hvað ræður áhrifum vaxtavaxta? » Af hverju er ákveðin fjárhæð verðmeiri núna en í framtíðinni?
Gott ráð	Byrjaðu að spara eins fljótt og þú getur til að njóta áhrifa vaxtavaxta og veldisvaxtar höfuðstóls.

Snjóboltaáhrif

- Veldisvöxtur með vaxtavöxtum vísar til aukins verðmætis sparnaðar vegna vaxta eða tekna af bæði höfuðstól og uppsöfnuðum vöxtum og tekjum
- Vexti sparnaðar með vaxtavöxtum má líkja við snjóbolta sem er ýtt niður fjallshlíð
- Á leiðinni hleður hann stöðugt á sig meiri snjó og vex hraðar og hraðar niður hlíðina



Sparnaður (eingreiðsla) og vextir sem bætast við ár hvert

Með flötum vöxtum bætist við sama fjárhæð á hverju ári en með vaxtavöxtum bætast við meiri vextir á hverju ári



Uppsafnaður sparnaður

Á löngum tíma geta vextir orðið stór hluti af uppsöfnuðum sparnaði



Hvað ræður áhrifum vaxtavaxta?

- Ávöxtun eða vextir á tímabili.
  - Máttur vaxtavaxta ræðst af vöxtum sem er greiddur á sparnað (innlán, ríkisskuldabréf, o.s.frv.) eða ávöxtun hlutabréfa (arðgreiðslur, söluhagnaður, verðhækkun) og annarra eigna
  - Sparnaður vex hraðar eftir því sem vextir og/eða ávöxtun eigna eru hærri
- Tími
  - Því lengur sem sparnaður er geymdur, því meiri verða áhrif vaxtavaxta

Vaxtatafla (höfuðstóll – eða sparnaður – lagður fyrir í einu lagi)

Sparnaðar-tími	Vextir á ári				
	0,5%	1,0%	1,5%	2,0%	2,5%
1 ár	1,005	1,010	1,015	1,020	1,025
2 ár	1,010	1,020	1,030	1,040	1,051
3 ár	1,015	1,030	1,046	1,061	1,077
4 ár	1,020	1,041	1,061	1,082	1,104
5 ár	1,025	1,051	1,077	1,104	1,131
6 ár	1,030	1,062	1,093	1,126	1,160
7 ár	1,036	1,072	1,110	1,149	1,189
8 ár	1,041	1,083	1,126	1,172	1,218
9 ár	1,046	1,094	1,143	1,195	1,249
10 ár	1,051	1,105	1,161	1,219	1,280
15 ár	1,078	1,161	1,250	1,346	1,448
20 ár	1,105	1,220	1,347	1,486	1,639
30 ár	1,161	1,348	1,563	1,811	2,098
40 ár	1,221	1,489	1,814	2,208	2,685

Taflan sýnir stuðla til að reikna höfuðstól sem er lagður fyrir í einu lagi í upphafi tímabils miðað við mismunandi vexti og mislangan sparnaðartíma

Tímavirði peninga

- Peningar, sem eru tiltækir núna, eru meira virði en sama fjárhæð í framtíðinni af því að hægt er að leggja peningana fyrir og safna vöxtum
- Ef hægt er að leggja 10.000 krónur fyrir á bankareikningi með 1% vöxtum verður sparnaður eftir eitt ár 10.100 krónur
- Af þessum sökum eru 10.000 krónur núna verðmætari en 10.000 krónur eftir eitt ár

Að safna fyrir

Læra	» Hvað er reglulegur sparnaður? » Hver er helsti kostur reglulegs sparnaðar? » Hvað þarf að leggja minnst fyrir á mánuði? » Hvers vegna er betra að byrja fyrr en seinna? » Fimm skref til að safna fyrir
Gott ráð	Þeir sem eru að byggja upp eignir eða reka heimili ættu að temja sér að leggja fyrir fasta fjárhæð í hverjum mánuði og byggja þannig upp eignir, neyslu- og varasjóð.

Reglulegur sparnaður

- Besta og árangursríkasta leiðin til að spara er reglulegur sparnaður sem byggir á því að leggja fyrir fasta fjárhæð með jöfnu millibili, oftast mánaðarlega
- Fjárhæðin sem lögð er fyrir þarf ekki að vera há, mestu skiptir að tileinka sér að leggja alltaf fyrir
- Smám saman mun byggjast upp sjóður sem skiptir máli og eftir því sem tíminn líður bætast við vextir og vaxtavextir
- Flestir kjósa að láta bankann sinn draga sjálfkrafa fasta fjárhæð af veltureikningi og leggja inn á sparireikning eða í verðbréfasjóð

Svona virkar reglulegur sparnaður

Með tímanum vega vextir eða ávöxtun meira og meira af uppsöfnuðum sparnaði



Muna!

- Hafa reglulegan sparnað sjálfvirkan
- Því fyrr, því betra
- Fjárhæð á mánuði þarf ekki að vera há, aðalatriðið er að spara reglulega

Fimm skref til að safna fyrir

1. Markmið	• Setja sér markmið. Fyrir hverju á að safna og hvað kostar hluturinn eða eignin?
2. Stöðumat	• Meta stöðuna áður en sparnaður hefst. Hvað á einstaklingur fyrir og hvað hefur hann langan tíma?
3. Áætlun	• Reikna hve mikið þarf að spara til að ná settu marki, útbúa áætlun og ákveða hvernig sparnaður verður lagður fyrir.
4. Sparnaður	• Hefja sparnað samkvæmt áætlun.
5. Eftirlit	• Fylgjast með og meta hvernig gengur. Þarf að auka eða minnka sparnað til að ná markmiði?

Þegar safna á fyrir einhverju er ráðlegt að setja sér markmið og útbúa áætlun

Dæmi: Tölva, bíll og íbúð

Hve mikið þarf að leggja fyrir til að eignast tölvu sem kostar 225 þúsund krónur, bíl sem kostar 2 milljónir eða til að safna 5 milljónum til að nota sem útborgun í íbúð? Taflan sýnir dæmi um áætlun einstaklings sem á 475 þúsund krónur í sparnaði nú þegar. Hann vill eignast tölvu með mánaðarlegum sparnaði í eitt ár, safna fyrir bíl á 5 árum og fyrir útborgun í íbúð á 10 árum. Taflan sýnir hve mikið einstaklingurinn þarf að leggja fyrir á mánuði og ári til að ná settu marki miðað við 2% ársvexti.

Hvað þarf að spara?

1. Markmið		2. Stöðumat			3. Áætlun	
		Núverandi			Sparnaður þarf að vera	
Markmið	Fjárhæð	sparnaður	Vöntun	Tími	á mánuði	á ári
Tölva	225.000	25.000	200.000	1 ár	16.516	198.190
Bíll	2.000.000	50.000	1.950.000	5 ár	30.943	371.317
Útborgun í íbúð	5.000.000	400.000	4.600.000	10 ár	34.692	416.300

Þegar búið er að ákveða markmið og meta hvað vantar upp á er hægt að reikna hve mikið þarf að spara

Það borgar sig að byrja fyrr en seinna að safna fyrir eignum. Þannig verður verkefnið miklu auðveldara að því leyti að þá þarf minna að leggja fyrir í einu og þá fást meiri vextir.

Mánaðarlegur sparnaður til að safna 4,6 milljónum



Því fyrr, því betra

Lengri sparnaðartími

=

Lægri mánaðarlegur sparnaður

+

meiri vextir

Sparnaðarform

Læra	» Bankareikningar (veltureikningar og sparireikningar) » Fasteignir og fasteignaverð » Verðbréf, skuldabréf, hlutabréf, sjóðir » Samband ávöxtunar og áhættu » Áhætta sem fylgir sparnaði
Gott ráð	Byggðu sparnað upp skipulega og veldu sparnaðarform eftir sparnaðartíma eða eftir því hvenær þú hyggst nota sparnaðinn.

Sparnaðarform í boði

- Bankareikningar skiptast í veltureikninga og sparireikninga
  - Veltureikningar eru fyrir sparnað til skamms tíma
  - Sparireikningar eru fyrir sparnað til lengri tíma og eru oft bundnir í tiltekinn tíma
- Flestir kaupa íbúðarhúsnæði til að búa í. Fasteignaverð fer eftir framboði og eftirspurn á hverjum tíma og getur bæði hækkað og lækkað
- Verðbréf eru heppileg fyrir sparnað til langs tíma
  - **Skuldabréf** er skuldaviðurkenning þar sem skuldari lofar að greiða eiganda skuldabréfs höfuðstól til baka ásamt vöxtum á fyrirfram ákveðnum tíma
  - **Hlutabréf** er ávísun á eignarhlutdeild í hlutafélagi. Ávöxtun hlutabréfa ræðst af arðgreiðslum og verðbreytingum á hlutabréfamarkaði
  - Einstaklingar geta sparað í verðbréfum með milligöngu sjóða sem geta verið **verðbréfasjóðir**, fjárfestingarsjóðir og séreignarsjóðir

Mikilvæg ákvörðun

- Val á sparnaðarformi er mikilvæg ákvörðun
- Markmiðið er að ávaxta sparnaðinn með sem öruggustum hætti en jafnframt að fá vexti og ávöxtun sem bætist við á hverju ári
- Það fer eftir því hvenær á að nota sparnaðinn hvaða sparnaðarform á að velja
- Ef sparnaðartíminn er stuttur er góður kostur að velja leið sem gefur lága en jafna ávöxtun
- Hins vegar getur verið skynsamlegt að velja hlutabréf ef sparn-aðartíminn er langur

Ávöxtun og áhætta sparnaðarforma



Þau sparnaðarform sem gefa hæstu ávöxtunina til langs tíma eru yfirleitt áhættumeiri en þau sem gefa lægri ávöxtun

Sparnaði fylgir alltaf áhætta

- **Markaðsáhætta** er hættan á að tapa á sveiflum á verði eigna og verðbréfa
  - Einstaklingar geta dregið úr markaðsáhættu með því að fjárfesta í mörgum eignaflokkum og með því að draga úr vægi eigna sem sveiflast mikið þegar styttist í að eignir verða seldar eða sparnaður greiddur út

- **Skuldaraáhætta** er hættan á að eignir tapist vegna gjaldþrots eða greiðsluerfiðleika útgefenda sem endar með nauðasamningi
  - Einstaklingar geta dregið úr skuldaraáhættu með því að dreifa eignum milli sparnaðarforma og margra útgefenda

Tegundir lána

Læra	» Lánssamningur, skilgreining » Skammtímalán » Langtímalán » Neytendalán » Tegundir lána
Gott ráð	Lán á eingöngu að taka ef þau bæta hag lántaka og eru nauðsynleg. Sá sem er að velta fyrir sér lántöku þarf alltaf að meta ávinning og hvort lán er nauðsynlegt.

Lán

- **Lánssamningur** (sem er í flestum tilvikum skuldabréf) er samningur milli tveggja aðila þar sem lánveitandi lánar lántaka tiltekna fjárhæð gegn því að lántaki lofi að endurgreiða fjárhæðina ásamt vöxtum í samræmi við skilmála sem eru tilgreindir í skuldabréfinu/láninu
- **Skammtímalán** eru til að fjármagna alls konar neyslu, t.d. kaup á bílum, húsmunum, raftækjum, ferðalögum eða öðrum vörum og þjónustu
  - Lánstími er yfirleitt frá nokkrum dögum upp í fimm til sjö ár
- **Langtímalán** eru ætluð til að fjármagna fjárfestingar sem eðlilegt er að fjármagna á löngum tíma en nauðsynlegt er að nota eða eignast strax
  - Lánstími langtímalána er misjafn og getur verið allt að 40 ár
- **Neytendalán** eru lán sem neytendur taka hjá einhverjum sem hefur atvinnu af því að lána

Skammtímalán

Heimild á kreditkorti

Heimild til að kaupa vörur og þjónustu gegn notkun kreditkorts. Hentar þeim sem þurfa lága fjárhæð í skamman tíma. Engin lántökugjöld eða vextir.

Smálán

Lán sem hægt er að fá til allt að 30 daga með umsókn á heimasíðu lánveitanda eða með því að senda sms í ákveðið símanúmer. Kostnaður dreifist á mjög stuttan tíma og því eru lánin hlutfallslega dýr.

Yfirdráttur

Heimild til að taka út peninga af bankareikningi umfram innstæðu eða setja reikning í mínus í ótilgreindan tíma. Semja þarf um fjárhæð við banka eða sparisjóð. Hentar þeim sem þurfa lága fjárhæð í skamman tíma. Engin lántökugjöld en tiltölulega háir vextir.

Raðgreiðslusamningur

Samningur um að greiða fyrir vöru eða þjónustu með reglulegum kortagreiðslum. Einfalt að taka lán hjá söluaðila vöru og þjónustu. Oftast í 2 til 12 mánuði. Geta verið lengri eða í allt að 59 mánuði.

Skuldabréfalán

Skuldabréfalán hjá lánastofnun. Mismunandi lánstími, algengt hámark er 5 ár.

Bílalán

Samningur um að greiða hluta kaupverðs bifreiðar með skuldabréfi. Bílalán eru yfirleitt með veði í bifreiðinni. Bílalán eru oftast tekin hjá fjármögnunarfyrirtækjum og tryggingafélögum.

Langtímalán

Námslán

Lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna eða einkaaðilum til að fjármagna framhaldsnám. Lán endurgreiðast á löngum tíma. Vextir eru mismunandi eftir lánastofnunum.

Húsnæðislán

Skuldabréfalán hjá Íbúðalánasjóði, banka, lífeyrissjóði eða annarri lánastofnun með veði í fasteign. Algengasti lánstími er 25 til 40 ár, getur verið styttri.

Tegundir lána

Lán til skamms tíma	Lán til langs tíma
Heimild á kreditkorti	Almenn skuldabréfalán
Smálán	Námslán
Yfirdráttur	Húsnæðislán
Raðgreiðslusamningur	
Almenn skuldabréfalán	
Bílalán	

- Forðast, lán kosta mikið
- Notist varlega, getur verið dýrt
- Mikilvægur kostur, undirbúa vel

Helstu tegundir lána í boði fyrir einstaklinga

Athugið vel

Hvað kostar að taka lán?

Læra

- Lántökukostnaður
- Kostnaður á lánstíma
- Uppgreiðslugjald
- Vanskilakostnaður
- Hlutfallstala kostnaðar

Gott ráð

Sá sem tekur lán ætti alltaf að þekkja kostnað við lántöku og bera saman lánamöguleika. Einnig að þekkja kostnað á lánstíma og kostnað við að greiða upp lán.

Lánskostnaður

- Tvenns konar kostnaður
  - Vextir greiddir á lánstíma
  - Aðrir kostnaðarliðir sem lántaki greiðir, einkum í upphafi þegar lán er tekið
- Upphafkostnaður
  - Lántökugjald
  - Annar kostnaður s.s. fyrir greiðsumat, þinglýsingu, skjalagerð
- Kostnaður á lánstíma
  - Vextir
  - Innheimtukostnaður, færslugjöld
- Vanskilakostnaður
  - Dráttarvextir
  - Innheimtukostnaður

Lántökukostnaður



Eftir því sem lántökukostnaður dreifist á fleiri ár því minni verður árlegur kostnaður

Árleg hlutfallstala kostnaðar (ÁHK)

- ÁHK mælir heildarkostnað neytendalána, þ.e. bæði vexti og annan kostnað svo sem lántökugjöld, kostnað við greiðslu afborgana, o.fl.
- ÁHK er reiknuð út sem prósentutala og sýnir heildarkostnað á ári
- ÁHK gagnleg til að bera saman lán, sérstaklega skammtímalán
  - ÁHK tekur tillit til lántökukostnaðar sem vegur oft þungt í lánum til skamms tíma
  - Einsskiptiskostnaður eins og lántökugjöld hafa hins vegar lítil áhrif á ÁHK á lánum til lengri tíma

Hlutfallstala kostnaðar fyrir mismunandi lán



Árlegur kostnaður er yfirleitt meiri á stuttum lánum

Að taka lán og greiða af því

Læra	» Hvað þarf að hafa í huga þegar tekin er ákvörðun um lán? » Hvað þarf að skoða þegar lántaka er undirbúin? » Lánshæfismat » Greiðslumat » Hvað þarf að hafa í huga þegar greitt er af láni?
Gott ráð	Það er skynsamlegt að gefa sér góðan tíma til að meta hvort það borgi sig að taka lán og að því gefnu að undirbúa sig vel. Illa undirbúið lán getur snúist í að verða ólán.

Ákvörðun

Yfirfara

- Hver er tilgangurinn með láninu?
- Hefur lántaki efni á láninu?
- Er farið fram á tryggingar fyrir greiðslu lánsins? Getur lántaki útvegað þær?

Undirbúningur

- Þrátt fyrir að einstaklingur vilji taka lán er ekki sjálfsagt að hann fái það
- Til þess þarf hann að vera metinn hæfur af lánveitanda sem er skyldugur til að framkvæma lánshæfismat og meta greiðslugetu áður en lán er veitt
  - **Lánshæfismat** er mat á líkum þess að umsækjandi um lán geti endurgreitt það
  - **Greiðslumat** er útreikningur á *greiðslugetu* lántaka miðað við eignir, skuldir, tekjur og gjöld

Undirbúningur

Yfirfara

- Skoða lánskjör og skilmála hjá fleiri en einum aðila
- Hvað kostar að taka lánið? (Vextir, lántökukostnaður og árleg hlutfallstala kostnaðar)
- Er hægt að greiða inn á lán eða greiða það upp? Kostar það?
- Stenst lántaki greiðslumat?
- Lesa lánsskilmála áður en skrifað er undir

Að greiða af láni

Yfirfara

- Greiða mánaðarlega eða leggja til hliðar af launum hvers mánaðar ef gjalddagar eru sjaldnar
- Greiða aukalega inn á lán eða greiða upp lán ef fjárhagur leyfir
- Vera vakandi fyrir endurfjármögnun langtímalána
- Hafa strax samband við lánveitanda ef lánþegi lendir í greiðsluerfiðleikum

3. NOKKUR HOLLRÁÐ



EFNISATRIÐI Í KAFLA

- Stefndu að fjárhagslegu sjálfstæði
- Safnaðu frekar en að taka lán
- Flokkaðu sparnað eftir tilgangi
- Taktu tillit til verðbólgu
- Nýttu góð tækifæri
- Gerðu ráð fyrir áföllum

Fjármálin skipta máli

- Það skiptir máli að taka fjármálin föstum tökum
- °Með því að gefa sér tíma til að skipuleggja þau er hægt að nýta tekjur betur og hafa meira fé til ráðstöfunar á ævinni
- Mestu skiptir að eyða ekki um efni fram og leggja reglulega fyrir til að byggja upp sparnað og eignir

Stefndu að fjárhagslegu sjálfstæði

Læra	» Fjárhagslegt sjálfstæði » Leiðir til að læra um fjármál » Fyrsta og mikilvægasta boðorð fjármála » Netbanki, „mikilvægasta hjálpartækið“ » Að varðveita peninga og skjöl
Gott ráð	Hver og einn ætti að stefna að því að stýra eigin fjármálum. Það þarf að hafa fyrir því, spyrja spurninga, afla sér þekkingar og gera hlutina sjálf/sjálfur.

Fjárhagslegt sjálfstæði

- Að vera fjárhagslega sjálfstæð/ur er að stjórna eigin fjármálum, að eiga eignir og ráðstafa tekjum í útgjöld og sparnað að eigin vali
- Til að ná því takmarki er best að tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð og leggja áherslu á að leysa sín mál sjálf/ur

Skref í átt að fjárhagslegu sjálfstæði

Nokkrar ábendingar til þeirra sem vilja stýra eigin fjármálum

Safnaðu frekar en að taka lán

Læra	» Af hverju er ódýrara að kaupa eignir með sparnaði frekar en lántöku? » Áhætta af lántöku » Vaxtamunur, mismunur á innláns- og útlánsvöxtum » Hvenær er hægt að taka eign í notkun sem er keypt með (1) lántöku eða (2) sparnaði?
Gott ráð	Einstaklingar ættu að tileinka sér að spara reglulega og stefna að því að kaupa minni eignir eins og húsmuni, heimilistæki og fleira með sparnaði frekar en að taka lán.

Safnaðu frekar en að taka lán

- Það er ódýrara að eignast hluti með því að spara fyrir þeim heldur en að taka lán
  - Sparnaður safnar innlánsvöxtum
  - Lántaki greiðir útlánsvexti af lánum
- Lántaka er skuldbinding og henni fylgir áhætta
  - Greiðslugeta getur versnað

- **Það á að vera meginreglan af spara fyrir hlutum þó svo að í undantekningartilvikum geti borgað sig að taka lán**

Dæmi

Hugsum okkur einstakling sem vill kaupa tölvu eða bíl. Í janúar 2020 getur hann lagt fyrir mánaðarlega á óbundinn bankareikning með 2,05% vöxtum. Ef hann tekur lán býðst honum að taka tölvukaupalán til 24 mánaða með 11,3% vöxtum en þar sem lántökukostnaður vegur tiltölulega þungt á svo stuttu láni er útreiknuð hlutfallstala árlegs kostnaðar 20,8%. Vaxtamunurinn í prósentustigum er því 22,9%. Vextir á bílaláni eru 6,85% og útreiknuð árleg hlutfallstala kostnaðar er 9% sem þýðir að vaxtamunurinn er 11,1%.

Samanburður á innláns og útlánsvöxtum

Innlánsvextir eru sýndir í plús en útlánsvextir sem mínus.

Útlánsvextir byggja á útreikningum á árlegri hlutfallstölu kostnaðar



Ef borið er saman hvað einstaklingur þarf að greiða annars vegar fyrir að kaupa tölvu eða bíl með sparnaði eða með láni kemur í ljós að munurinn er umtalsverður. Sá sem kaupir tölvu sem kostar 200 þúsund krónur með raðgreiðslum greiðir samtals 241 þúsund en sá sem safnar fyrir henni þarf aðeins að leggja fyrir 196 þúsund krónur. Mismunurinn er 45 þúsund krónur eða 23% af kaupverði tölvunnar. Mismunur á að safna fyrir útborgun í bíl á þremur árum að fjárhæð 1 milljón frekar en að taka lán eru 170 þúsund krónur sem er 17% af útborguninni.

Samanburður á greiðslum



Það er að jafnaði ódýrara að spara fyrir eignum en að taka lán

Flokkaðu sparnað eftir tilgangi

Læra	» Skammtímasparnaður » Langtímasparnaður » Eftirlaunasparnaður » Mismunur á eftirlaunasparnaði og öðrum sparnaði » Viðmiðunarhlutföll sparnaðar
Gott ráð	Til að skipuleggja sparnað er gagnlegt að skipta honum upp eftir tilgangi og halda eignum aðgreindum á mismunandi banka- eða vörslureikningum.

Flokkaðu sparnað eftir tilgangi

- Flokkun eykur yfirsýn og auðveldur skipulagningu

- **Skammtímasparnaður** er sparnaður sem tekur tiltölulega stuttan tíma að byggja upp og/eða þarf að vera laus til ráðstöfunar eftir stuttan tíma. Skammtímasparnaði má skipta í varasjóð og neyslusjóð
  - V**arasjóður** er til að grípa í við fjárhagsleg áföll
  - N**eyslusjóður** er til að greiða fyrir alls kyns neyslu, t.d. heimilistæki, áhugamál, o.fl.

- **Langtímasparnaður** er sparnaður til að safna fyrir eignum sem kosta mikið og tekur langan tíma að safna fyrir. Dæmi: fasteign, bíll og sumarhús

- **Eftirlaunasparnaður** er til að greiða eftirlaun eftir að látið er af störfum vegna aldurs. Eftirlaunasparnaður er tvenns konar,
  - **skyldusparnaður í lífeyrissjóð** og
  - **viðbótarlífeyrissparnaður** sem hver og einn ákveður hvort hann eða hún vill vera með

Flokkaðu sparnað eftir tilgangi

Mismunandi sparnaður

SKAMMTÍMASPARNAÐUR	
Varasjóður	Til að mæta áföllum
Neyslusjóður	Til að greiða fyrir neyslu og áhugamál, t.d. heimilistæki og golfsett
LANGTÍMASPARNAÐUR	
Langtímaeignir	Eignir sem tekur langan tíma að safna fyrir, t.d. íbúð og sumarhús
EFTIRLAUNASPARNAÐUR	
Skylduiðgjald í lífeyrissjóð	Ellilífeyrir frá 67/70 ára til æviloka
Viðbótarlífeyrissparnaður	Til að bæta við eftirlaun

Það eykur skilning á viðfangsefninu að flokka sparnað eftir tilgangi

Hve mikið á að spara?

Veltur á aðstæðum og þörfum hvers og eins



Einstaklingar gætu stefnt að því að leggja fyrir 26% til 43% af launum ef tekjur og efnahagur leyfir

Taktu tillit til verðbólgu

Læra	» Verðbólga, verðhjöðnun » Vísitala neysluverðs » Orsakir og afleiðingar » Atriði til að fylgjast með vegna verðbólgu » Nafnvextir, raunvextir, verðtrygging
Gott ráð	Vertu meðvituð/aður um verðbólgu og hvaða áhrif hún hefur á kaupmátt og laun.

Verðbólga, verðhjöðnun

- Verðbólga er skilgreind sem stöðug hækkun almenns verðlags
  - Verðbólga er mæld með því að fylgjast með því hvernig verð á vöru og þjónustu breytist milli tímabila
  - Ef verðlag **hækkar** kallast það **verðbólga**, ef það **lækkar** kallast það **verðhjöðnun**
- Hagstofa Íslands reiknar **vísitölu neysluverðs** til að fylgjast með því hvernig verð á neysluvörum breytist frá einum tíma til annars
  - Vörurnar eru valdar eftir neyslukönnun til að endurspegla sem best neyslu einstaklinga

Af hverju verðbólga?

- Helstu ástæður verðbólgu eru **þensla** (heildareftirspurn er meiri en heildarframboð) eða **kostnaðarhækkanir**
  Ef heildareftirspurn (eftirspurn eftir öllum vörum og þjónustu) vex hraðar en framboð leiðir það yfirleitt til verðbólgu
  - Kostnaðarverðbólga er þegar framleiðslukostnaður hækkar, til dæmis laun eða hráefni

Söguleg verðbólga árin 1970 til 2019. Á fyrri hluta tímabilsins var verðbólgan mjög mikil en mun minni seinni 25 árin.

Verðbólga á Íslandi í 50 ár



Kaupmáttur minnkar í verðbólgu

- Í verðbólgu lækkar kaupmáttur eða verðgildi peninga
  - Fólk getur þá keypt minna af vörum og þjónustu fyrir hverja krónu
  - Ef verðbólga á ári er 3% og laun standa í stað fellur kaupmáttur launa og einstaklingar geta keypt 97% af vörum og þjónustu í lok tímabils í samanburði við kaupmátt í upphafi

- Verðskyn minnkar í verðbólgu
  - Þegar verðlag breytist stöðugt er sömuleiðis erfitt fyrir fólk að bera saman verð fyrir vörur og þjónustu
  - Það getur leitt til verri nýtingar á launum og sparnaði

Verðbólga síðastliðin 5, 10, 15 og 20 ár og áhrif á kaupmátt



Þrátt fyrir að verðbólga hafi verið lág síðustu 10 ár hefur kaupmáttur hverrar krónu fallið um 23%

Hafðu verðbólgu í huga

Laun. Kaupmáttur launa minnkar ef laun hækka minna en verðbólga á sama tímabili

- Fylgstu með þróun launa og verðbólgu
- Til lengri tíma ættu laun að hækka meira en verðbólga

Útgjöld. Gjöld og kostnaður hækka með verðbólgu

- Þú gætir þurft að yfirfara greiðsluáætlun og minnka útgjöld eða sparnað
- Hugsaðu til langs tíma og láttu ekki verðbólgu trufla áform um að spara og byggja upp eignir

Sparnaður. Raunvirði sparnaðar lækkar ef verðbólga er hærri en vextir eða ávöxtun á tímabili

- Sá sem leggur fyrir og sparar stefnir að því að fá peningana til baka með hærri kaupmætti en þegar hann/hún lagði þá fyrir
- Ríkisskuldabréf og bankareikningar geta verið góðir kostir til að verjast verðbólgu til skamms tíma
- Hlutabréf og fasteignir hækka yfirleitt meira en verðbólga á löngum tíma

Hugtök tengd verðbólgu

- **Nafnvextir** eru vextir sem reiknast beint á höfuðstól án tillits til verðbólgu

- **Raunvextir** (raunávöxtun) eru vextir (ávöxtun) umfram verðbólgu

- **Verðtrygging** felst í því að verði á vöru, þjónustu eða skuldbindingum er breytt eftir fyrirfram ákveðnum reglum, oftast í hlutfalli við þróun á vísitölu neysluverðs

Nýttu góð tækifæri

Læra	» Viðbótarlífeyrissparnaður, helstu atriði » Heimild til að greiða viðbótarlífeyrissparnað inn á fyrstu fasteign » Fyrsta fasteign, helstu atriði » Stuðningur ríkis við kaup á fyrstu fasteign
Gott ráð	Það er góður kostur að leggja fyrir 2% til 4% af launum í viðbótarlífeyrissparnað, fá mótframlag frá launagreiðanda og skattaafslátt við kaup á fyrstu íbúð.

Dýrmætt að grípa góð tækifæri

Í fjármálum þurfa einstaklingar að vera útsjónarsamir og grípa tækifæri sem auðvelda þeim að nýta peningana sína sem best. Viðbótarlífeyrissparnaður og stuðningur við kaup á fyrstu fasteign eru dæmi um tækifæri sem allir sem geta ættu að nýta.

Tækifæri til að fá mótframlag, vaxtavexti og skattaafslátt!

Tveir góðir kostir

Tækifæri	Hagur
Viðbótarlífeyrissparnaður	● Mótframlag launagreiðanda bætist við eigin sparnað ● Langtímaávöxtun, á löngum tíma geta vextir orðið meiri en sparnaður
Fyrsta fasteign	● Heimild til að ráðstafa viðbótarlífeyrissparnaði til 10 ára óskattlögðum inn á íbúð eða húsnæðislán

Viðbótarlífeyrissparnaður

- Einstaklingar geta greitt allt að 4% af launum í viðbótarlífeyrissparnað.
  - Mótframlag launagreiðanda, allt að 2% af launum, bætist við 2% eigið framlag launþega
  - Þeir sem sleppa viðbótarlífeyrissparnaði eru því í raun að fá 2% lægri laun en ella

- Aðrir helstu kostir viðbótarlífeyrissparnaðar eru:
  - Enginn fjármagnstekjuskattur er greiddur af vaxtatekjum
  - Inneign er laus við 60 ára aldur og erfist við fráfall
  - Viðbótarlífeyrissparnaður er laus til úttektar ef eigandi verður óvinnufær vegna veikinda eða slysa
  - Ef einstaklingur verður gjaldþrota geta kröfuhafar ekki gengið að viðbótarlífeyrissparnaði
  - Langtímasparnaður, vextir geta orðið meirihluti uppsafnaðs sparnaðar vegna áhrifa vaxtavaxta

Fyrsta fasteign

- Einstaklingar sem eru að kaupa sitt fyrsta húsnæði geta notað viðbótarlífeyrissparnað til 10 ára og greitt hann óskattlagðan inn á húsnæðislán eða íbúð
- Helstu atriði í stuðningi við kaup á fyrstu fasteign eru:
  - Hámarksfjárhæð á ári er 500 þúsund krónur á einstakling eða 41.667 á mánuði
  - Til að fullnýta heimildina þarf að hafa laun upp á 694 þúsund krónur
  - Hámarkssparnaður er 4% af launum frá launþega og 2% frá launagreiðanda
  - Einstaklingur spari a.m.k. til jafns við framlag launagreiðanda
  - Einstaklingur þarf að eiga a.m.k. 30% i íbúð

Dæmi: Fyrsta fasteign og viðbótarlífeyrissparnaður

Eigið framlag er minnihluti af uppsöfnuðum sparnaði



Eigið framlag af innborgun inn á fyrstu fasteign er 43% en 33% af viðbótarlífeyrissparnaði sem bætist við eftirlaun.

Dæmi. Einstaklingur er með 300 þús. kr. í laun á mánuði og leggur fyrir viðbótarlífeyrissparnað alla starfsævina. Sparar 4% af launum í 10 ár, síðan 2% í 32 ár og fær 2% mótframlag í 42 ár. Vextir eru 2,5%

Fyrsta fasteign
Greiðir 2,4 m. kr. inn á fasteign eftir 10 ár. Þ.a. er eigin sparnaður 1 m. kr., framlag launagreiðanda 0,5 m. kr. og skattaafsláttur 0,9 m. kr.

Starfslok
Til ráðstöfunar eru 6,9 m. kr., þ.a. er eigin sparnaður 2,3 m. kr., framlag launagreiðanda 2,3 m. kr. og vextir 2,3 m. kr.

Gerðu ráð fyrir áföllum

Læra	» Fjárhagslegar áhættur » Persónulegar áhættur » Efnahagslegar áhættur » Leiðir til að draga úr afleiðingum persónulegra áfalla » Leiðir til að draga úr afleiðingum efnahagslegra tjóna
Gott ráð	Það er góður siður að fara reglulega yfir helstu fjárhagslegar áhættur, meta áhrif þeirra og ákveða hvort og þá hvernig er best að draga úr afleiðingum þeirra.

Gerðu ráð fyrir áföllum

- Enginn kemst í gegnum lífið áfallalaust
- Hver og einn þarf einnig að reikna með mögulegum fjárhagslegum áföllum og gera ráðstafanir til að draga úr tjóni
- **Persónulegar áhættur** eru áhættur tengdar hæfi einstaklinga til að afla tekna til að greiða fyrir neyslu og fjárfestingar
  - Hætturnar á því að breytingar verði á atvinnu- eða tekjumöguleikum einstaklinga t.d. launalækkunar, atvinnumissis eða óvinnufærni
- **Efnahagslegar áhættur** eru hættur tengdar eignum og skuldum einstaklinga og heimila
  - Hætturnar á rýrnun eigna vegna verðsveiflna eða tjóna eða hættan á hækkun skulda vegna verðbólgu eða breytinga á greiðslubyrði

Áhættur og möguleg fjárhagsleg áhrif

Áhættur sem geta haft fjárhagsleg áhrif

Persónulegar áhættur	Mögulegar afleiðingar
Breytingar á launum eða atvinnu	Tekjur minnka, atvinnuleysi
Óvinnufærni (veikindi eða slys)	Atvinnutekjur falla niður
Andlát	Framfærsla eftirlifenda, skuldir

Efnahagslegar áhættur	Mögulegar afleiðingar
Fasteign	Verðsveiflur, tjón
Innbú	Tjón
Bifreið	Tjón
Sparnaður	Verðsveiflur
Skuldir	Sveiflur á greiðslubyrði

Helstu áhættur og möguleg áhrif þeirra

Áhættur og mögulegar varnir

Leiðir til að draga úr fjárhagslegu tjóni

Persónulegar áhættur		Möguleg vörn
Breytingar á launum eða atvinnu	←	Varasjóður, hófleg skuldsetning
Óvinnufærni (veikindi eða slys)	←	Lífeyrisréttindi, viðbótartrygging
Andlát	←	Líftrygging

Efnahagslegar áhættur		Möguleg vörn
Fasteign	←	Eigið fé, eignatrygging
Innbú	←	Innbústrygging
Bifreið	←	Kaskótrygging
Sparnaður	←	Áhættudreifing
Skuldir	←	Hófleg skuldsetning

Helstu áhættur og mögulegar leiðir til að draga úr fjárhagslegu tjóni